

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Samtímalistasaga MYS 402 Kennsluáætlun VOR 2013	

Kennari	Véronique legros	Sk.st.	VER
Viðtalstími : mán. kl. 9.55- 10.35 í kennarastofu listnámsbrautar gsm : 691.1450 / netfang : vero@vma.is			

Áfangalýsing

Farið verður yfir listasögu vesturlanda frá 1945 til dagsins í dag og forsendur sjónlista kannaðar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur verði vel með á nótunum um stöðu sjónlista í samtíma sínum, að þeir skilji þær hræringar, hugmyndir og stílbrigði sem nú tíðkast. Þeir rannsaka sjónlistir samtímans í samhengi við tíðaranda samfélagsins: stjórnarfar, fjölmiðlun, lífsgæði, hagsmuni einstakra hópa, tísku, hefðir, hugmyndafræði og heimsmynd. Kennslan verður í fyrirlestra- og samræðuformi og nemendur vinna rannsóknarverkefni tengd efninu.

Markmið

Í lok annar á nemandinn að

- þekkja helstu stílbrigði sjónlista frá 1945 til dagsins í dag
- hafa gert sér grein fyrir og geta útskýrt sögulegar, þjóðfélagslegar og hugmyndafræðilegar forsendur listsköpunar á þessum tíma
- geta greint samtíma myndverk með tilliti til aðferðar, stíls, uppbyggingar, tjáningar listamannsins og eigin túlkunar
- hafa rannsakað feril eins listamanns úr samtímanum og skrifað um hann ritgerð eða unnið aðra kynningu á rannsóknum sínum
- hafa haldið fyrirlestur um ákveðinn listamann eða tímabil
- hafa stundað námið vel, mætt í alla tíma og sinnt heimanámi

Áætlun um yfirferð

LOTA	
1	<i>Hugtakið Samtímalist (Contemporary art) - Hugtakið Póstmódernismi?</i>
2	<i>Frá Afstrakt expression til Popplistar - Frumpopp - Popplist</i>
3	<i>Ný-Raunsæi, Fluxus, Arte Povera, Land art</i>
4	<i>Minimalismi</i>
5	<i>Conseptlist - Hugmyndalist</i>
6	<i>Performance art - Gjörningar</i>
7	<i>Ný-expressionismi , Nýja málverkið, Graffiti</i>
8	<i>List dagsins í dag, Innsetningar, fjöltækni, margmiðlun</i>
Upprifjun : Í lok annar er upprifjun á námsefni.	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Samtímalistasaga MYS 402 Kennsluáætlun VOR 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsgögn

Bækur Íslensk Listasaga bindi IV og V (Forlagið 2011) Bókasafn VMA
Movements in art since 1945 (Edward Lucie-Smith 1987) Bókasafn VMA.
Art today (Edward Lucie-Smith 1999) Bókasafn VMA
 Ýmsar tilfallandi bækur um einstaka listamenn og stefnur
Tímarit *Art in America, Sculpture, Contemporary* og fleiri fagtímarit
Annað Vefsíður samtíma - listasafna / listamanna

Námsmat og vægi námsþátta

- Skriflegt próf í lok annar fyrir þá sem þurfa. 50%

ATH Þeir nemendur sem eru með 85 % mætingu í annarlok og yfir 8.0 eða hærri í vetrareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf en geta gert það ef þeir kjósa svo.

- Hópverkefni 10% (20%)
- Glærukynning eða önnur sambærileg kynning á samtímalistamanni - 10% (20%)
- Einstaklings eða tveggja manna verkefni:
heimilda-mynd / -ritgerð eða sambærilegt verkefni – 10% (20%)
- Myndapróf – 10% (20%)
- Glósur : verkefnabók / úrklippubók / dagbókarform 10% (20%)

Áhersla er lögð á að nemandinn fylgist vel með allri umfjöllun um listir dagsins í dag

Gangi ykkur vel!

Méð fyrirvara um breytingar
Véronique



Roy Lichtenstein

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils